


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	<b>ÍSLE2HS05 Fjarnám</b> <b>Námsáætlun vorönn 2017</b>	

<b>Kennari</b>	Ásbjörg Benediktsdóttir	<b>Sk.st.</b>	ÁBE
----------------	-------------------------	---------------	-----

## Ritun og málnotkun

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er unnið með grundvallarhugtök ritunar og málnotkunar. Auk þess verður farið í meðferð og notkun hjálpargagna og heimilda í tengslum við ritgerðarsmíð. Fjallað verður um mismunandi birtingarform texta eftir miðlum og skrifaðar ólíkar gerðir ritsmíða, m.a. heimilda- og rökfærsluritgerðir þar sem nemendur hafa ákveðið val um viðfangsefni. Unnið með grunnhugtök í málfræði, setningafræði og stafsetningu og mismunandi málsnið og stílbrögð í tengslum við ritun. Nemendur vinna og kynna munnlega eigin verkefni, hver fyrir sig og/eða með öðrum. Áhersla á fjölbreytt og skapandi verkefni sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð og mismunandi hæfni nemenda, auka víðsýni og gagnrýna hugsun.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- helstu hugtökum í ritgerðasmíð
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- uppbyggingu rökfærsluritgerða
- málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda
- uppsetningu og frágangi heimilda

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- rita rökfærsluritgerðir sem krefjast gagnrýnninnar hugsunar
- nota hjálpargögn við frágang ritsmíða
- nota heimildir af ýmsu tagi og flétta efni þeirra saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt
- nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli
- flytja munnlega efni af ýmsu tagi og ræða eigin niðurstöður og annarra með málefnalegum hætti
- beita málfræðihugtökum og nota málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta handbækur um málfar og málfræði

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	<b>ÍSLE2HS05 Fjarnám</b> <b>Námsáætlun vorönn 2017</b>	

- sýna töluverð tilbrigði í málnotkun
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

### Námsgögn:

*Handbók um ritun og frágang* eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal.

10. útgáfa frá 2010. Útgefandi er Mál og menning (Forlagið).

*Íslenska eitt. Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla* eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (Mál og menning, 2006).

Efni frá kennurum. **Lykilorð að Moodle-síðu áfangans er: andlag**

*Dauði trúðsins* eftir Árna Þórarinsson, hvaða útgáfa sem er.

*ÍSLE2HS05 Les- og vinnuhefti*, pdf-skjal á Moodle. Þeir sem ekki hafa aðgang að prentara geta líka keypt heftið á skrifstofu skólans.

### Áætlun um yfirferð:

#### 1. lota (3 vikur) 30. janúar – 17. febrúar **Orðflokkar og stafsetning**


*Íslenska eitt* bls. 129-157, 24-26, 51-54. Stafsetning, orðflokkagreining og greinarmerkjasetning. Farið yfir framangreind atriði og unnin ýmis verkefni (*ÍSLE2HS05 Les- og vinnuhefti*). Á tímabilinu 10.-15. febrúar skila nemendur verkefni í málfræði og stafsetningu sem gildir 5% af lokaeinkunn. Yfirferðinni lýkur með heimaprófi á Moodle sem gildir 5% af lokaeinkunn. Prófið verður opið síðustu viku lotunnar, þ.e. 15. feb.-19. feb. **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 10%.**

#### 2. lota (3 vikur) 20. febrúar – 10. mars **Setningafræði**

*Íslenska eitt* bls. 161-165, 166 (frumlög), 168-174. Farið verður í orðaröð, aðal- og aukasetningar (ekki þarf að kunna skil á flokkum aukasetninga) og gerðir setningarhluta. Ýmis æfingaverkefni unnin (*Les- og vinnuhefti*). **Tvö skilaverkefni eru í lotunni (2x5%), snýr annað þeirra að setningarhlutum en hitt að aðal- og aukasetningum og orðaröð. Fyrri skil eru í síðasta lagi 5. mars og seinni skil í síðasta lagi 12. mars.** Í þessari lotu er gott að huga að lestri skáldsögunnar *Dauði trúðsins*, sjá næstu lotu.

#### 3. lota (2 vika) 13. mars – 24. mars **Dauði trúðsins**

*Dauði trúðsins* eftir Árna Þórarinsson. Nemendur lesa skáldsöguna og vinna efnisspurningar samhliða lestri. Efnisspurningum er ætlað að hjálpa nemendum að halda utan um lesturinn, **þeim þarf ekki að skila.** Nemendur taka krossapróf úr sögunni sem gildir 5% af lokaeinkunn. Krossaprófið verður opið á Moodle dagana 16.-21. mars. Lotunni lýkur síðan á því að nemendur vinna bókarskýrslu sem gildir 10% af lokaeinkunn. Síðasti mögulegi skiladagur bókmenntagreiningar er 24. mars. **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 15%.**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ	<b>ÍSLE2HS05 Fjarnám</b> <b>Námsáætlun vorönn 2017</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

#### 4. lota (2 vikur) 27. mars – 7. apríl Heimildavinna

Handbók um ritun og frágang bls. 13, 23-27, 38-53, 67-81, 82-93/96-105, 118-122. Farið verður yfir helstu atriði sem tengjast heimildaskráningu. Nemendur vinna verkefni þar sem reynir á rétta uppsetningu heimildaskrár. Síðasti mögulegi skiladagur er 9. apríl. **Verkefnið gildir 5% af lokaeinkunn.**

#### 5. lota (4 vikur) 10. apríl – 5. maí Rökfærsluritgerð

Handbók um ritun og frágang bls. 16, 23-27, 38-53, 118-122. Farið í byggingu rökfærsluritgerða og framsetningu tilvitnana og tilvísana inni í texta. Nemendur skrifa litla rökfærsluritgerð með heimildum. Ritgerðin skal vera 5 efnisgreinar í allt; inngangurinn er ein efnisgrein, meginmálið þrjár efnisgreinar og lokaorðin ein. Í meginmálinu þarf að vitna með viðeigandi hætti í þrjár mismunandi heimildir, sem kennari gefur upp, og setja upp heimildaskrá (sjá 4. lotu). **Ritgerðin gildir 10%, þar af gildir efnisgrind 3%.** Efnisgrind skal skilað í síðasta lagi 23. apríl og ritgerðinni í síðasta lagi 5. maí. **ATH páskafrí kemur inn í þessa lotu og því er lotan lengri.**

#### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Verkefni	Heimaverkefni í málfræði og stafsetningu	5%	
Moodle-próf	Lotupróf í málfræði og stafsetningu	5%	
Verkefni	Heimaverkefni í setningafræði 2x5%	10%	
Krossapróf á Moodle	Krossapróf úr skáldsögunni Dauði trúðsins	5%	
Bókarskýrsla	Bókarskýrsla úr skáldsögunni Dauði trúðsins	10%	
Verkefni	Heimildaskráning	5%	
Ritgerð	Rökfærsluritgerð með heimildum	10%	
Próf	Lokapróf	50%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<b>Annað:</b> Nemandi þarf að fá a.m.k. einkunnina 4,0 á lokaprófi til þess að verkefni og próf á önninni fáiast metin. Í lokaprófi má nýta sér hjálpargögnin <u>Handbók um ritun og frágang</u> og flæðirit í orðflokkgreiningu. Hið síðarnefnda mun fylgja prófinu.			

Dagsetning: 26/1 '17

Ashjörg Benediktssd.  
Undirritun kennara

Summa H. Jóhannese  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils